

Fundur í Betadeild 27. febrúar 2008 haldinn í Lundarskóla

Dagskrá

1. Setning fundar
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
 3. Orð til umhugsunar: Kliðfundur.
 4. Kynning og kosning nýrra félagskvenna.
 5. Önnur mál
 - a. Vorþing 17. maí í Menntaskólanum í Kópavogi.
 - b. Alþjóðþing í Chicago 22.–26. júlí.
 - c. Lokafundur Betadeildar.
 - d. Fréttir af vefmálum.
 6. Kynning á þróunarverkefni í grunnskóla. Þorgerður Sigurðardóttir kennari í Lundarskóla kynnir þróunarstarf í Lundarskóla sem kallast „**Svífum seglum þöndum**“.
 7. Kaffi og happadrætti.
-
1. María setti fund, bar kveðjur frá konum sem ekki gátu mætt og kynnti dagskrá fundarins.
 2. Selma las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
 3. Kliðfundur í stað orða til umhugsunar. María fór stuttlega yfir tillögur frá síðasta kliðfundi um hvernig væri hægt að efla tengsl milli deilda. Efni kliðfundarins að þessu sinni var: Hvernig getum við stutt nýja kennara í upphafi starfs? Fundarkonur ræddu þetta efni í nokkrar mínútur og skiluðu punktum til stjórnar.
 4. Kynning og kosning nýrra félaga.
 5. Önnur mál.

Bréf frá Landsambandsforseta: Vorþing verður haldið í Menntaskólanum í Kópavogi 17. maí nk. Hver félagskona má að þessu sinni hafa með sér eina konu sem gest. Dagskrá þingsins er ekki komin, en mun birtast á heimasíðu samtakanna. María hvatti Betakonur til að mæta á vorþingið og Anna Þóra benti á að skráning yrði sennilega á heimasíðunni.

Lokafundur er á dagskrá 9. maí. Þegar María bað um tillögur varðandi lokafundinn benti Magna á að fundardagurinn væri föstudagur fyrir hvítasunnu. Þar sem það þótti óheppilegt var stjórn falið að finna nýjan dag fyrir fundinn og senda út nýja dagsetningu. Hanna lagði til að hafa fundinn í miðri viku í stað helgar. Jóhanna bauð fram húsnæði fyrir fundinn.

Alþjóðþing DKG fer fram í Chicago 22. – 26. júlí 2008. Sigrún Klara gefur kost á sér í embætti 2. varaforseta alþjóðasamtakanna. Anna Þóra mun sækja þingið. Vitað er um 7 þátttakendur frá Íslandi.

Búið er að fresta endurútgáfu félagatals DKG þar sem endurskoðuð félagatöl hafa ekki skilað sér nægilega vel frá deildum.

Verið er að stofna nýja deild DKG í Eistlandi og verður þá um leið til nýtt landsamband.

Bókamerki og lyklakippur eru til sölu og kosta kr. 1000.

Ragnheiður Stefánsdóttir auglýsti eftir fundargerðabókum frá fyrri tíð þar sem nú á að fara með eldri gögn deildarinnar á Héraðsskjalasafnið.

Eygló benti á að fréttabréf og rit samtakanna, News og Bulletin, koma nú að hluta til út rafrænt. Á heimasíðunni er tengill sem vísar á útgefið efni. Eygló benti á að ef konur hefðu ekki eigin tölvur gætu þær farið á bókasöfn eða fengið fréttabréfið útprentað hjá öðrum félagskonum.

6. Kynning á þróunarverkefni í gunnskóla. Þorgerður Sigurðardóttir kynnti þróunarstarf í Lundarskóla sem kallast „Svífum seglum þöndum“. Akureyrarbær gerði starfssamning við kennarana sem taka þátt í verkefninu um hækkun á launum gegn breyttum vinnutíma. Verkefnið felur í sér að teymi 3 – 4 kennara sér um kennslu eins árgangs, þ.m.t. sérkennslu. Kennslustofur hafa verið sameinaðar til að rúma árganginn allan. Markmið verkefnisins eru m.a. heildstæð kennsla heils árgangs með mikilli samvinnu starfsfólks, fjölbreytt og einstaklingsmiðuð kennsla, aukin ábyrgð nemenda og vellíðan í skólanum.
7. Að lokinni kynningu Þorgerðar var gengið inn á kennarastofu þar sem boðið var upp á kaffi og meðlæti sem Magna, Helga og Anna Þóra sáu um. Dregið var í happadrættinu og vinningshafi að þessu sinni var Eygló Björnsdóttir.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir